

Birkihlíð, 8.5.2002

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
110 Reykjavík.

Efni : Umsögn um þingsályktun um verndun íslensku mjólkurkýrinnar.


Stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða þakkar flutningsmönnum fyrir ályktunina og greinargerð sem henni fylgir.

Fram hefur komið einlægur vilji mikils meiri hluta íslenskra mjólkurframleiðenda gegn blöndun á aðfluttu erfðaefni í stofninn.

Í greinargerð hefði mátt koma fram að ef einhverjum hluta bænda yrði leyft að valsa með erlent erfðaefni þá mætti reikna með að útbreiðsla þess yrði óviss því að margir tryðu því að þá strax þýddi ekki lengur að hugsa um vernd á núverandi stofni. Aðal rökin fyrir þeirri uppgjöf væru þau að fækki í hreinræktuðum íslenskum stofni þá yrði strax minni erfðaframtök en ella. En það er einmitt stofnstærðin sem er af ýmsum forsprökkum innflutnings talin of lítil til þess að mesta erfðaframtök náist fram.

Ekki síst vegna þessa væri það brot á öllu lýðræði ef að minni hluti bænda á að ráða ræktun kúastofnsins og innblöndun gegn vilja mikils meiri hluta í stéttinni.

Virðingarfyllt,
f.h. Búnaðarsambands Vestfjarða



Birki Friðbertsson, form.